

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 551/2009 frá 25. júní 2009 um breytingu á V. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 um þvotta- og hreinsiefni (undanþága að því er varðar yfirborðsvirk efni) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/428/EB frá 4. júní 2009 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs sem íbótarefni í Faraday-snúð af RIG-gerð, sem notaður er í fjarskiptakerfi með ljósleiðurum, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/443/EB frá 10. júní 2009 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs, kadmíums og kvikasilfurs, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12q lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB):

„– **32009 D 0428**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/428/EB frá 4. júní 2009 (Stjtið. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 32),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 27.

- **32009 D 0443**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/443/EB frá 10. júní 2009 (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 27).“
- 2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004):
 - „– **32009 R 0551**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 551/2009 frá 25. júní 2009 (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 551/2009 og ákvarðana 2009/428/EB og 2009/443/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.